


eah

THE **PERFECT** ESPRESSO




SYSTEM
1,2,3 SPRESSO

Rombouts®

DA
EST
FIN
ISL
LAV
LIT

BESKRIVELSE AF MASKINEN
MASINA KIRJELDUS
KONEEN KUVAUS
LÝSING Á VÉL
IERĪCES APRAKSTS
KAVOS APARATO APRAŠYMAS



SYSTEM
1,2,3 SPRESSO

- Vélin er hönnuð til að útbúa drykki í samræmi við þessar leiðbeiningar.
- Ekki má nota vélina í neinum öðrum tilgangi en til er ætlast.
- Ekki nota vélina án púða.
- Ekki nota vélina án vatns.
- Þessi vél samræmist CE stöðlum; tækniþjónusta Rombouts skal sjá um allar viðgerðir.
- Þessi vél var eingöngu hönnuð til notkunar innanhús, ekki til notkunar í miklum hita eða kulda.
- Hlífðu vélinni við beinu sólarljósi, vatnsúða og raka.

Þessi vél er ætluð til heimilisnota og við álika aðstæður eins og í:

- eldhúskrókum í verslunum, skrifstofum og á öðrum vinnustöðum;
- á sveitabýlum;
- til notkunar fyrir gesti á hótelum, gistiheimilum og öðrum íbúakjörnum;
- við aðstæður eins og í gestaherbergjum.
- Þennan búnað mega börn 8 ára og eldri nota ef þeim er leiðbeint, ef þau hafa fengið leiðbeiningar um örugga notkun hans og ef þau gera sér grein fyrir hættunni sem notkuninni fylgir. Þrif og viðhald skal ekki vera í umsjá barna, að því undanskildu að þau séu 8 ára eða eldri og ef þeim er leiðbeint. Vél og rafmagnsnúra skal vera þar sem börn yngri en 8 ára ná ekki til.
- Fólk með skerta líkamlega eða andlega getu, skerta starfsemi skynfæra eða sem skortir reynslu og þekkingu, getur notað vélina ef því er leiðbeint, ef það hefur fengið leiðbeiningar um örugga notkun hennar og ef það gerir sér grein fyrir hættunni sem notkuninni fylgir.
- Börn eiga ekki að leika með vélina.

Fyrir lönd utan Evrópusambandsins:

Ekki er ætlast til að aðilar (þar á meðal börn) með skerta líkamlega eða andlega getu eða starfsemi skynfæra, eða aðilar án reynslu og þekkingar, að því undanskildu að þeim hafi verið leiðbeint eða þeir hafi fengið leiðbeiningar um notkun vélarinnar frá aðila sem ábyrgist öryggi þeirra. Börn skulu vera undir eftirliti til að tryggja að þau leiki ekki með vélina.

- Framleiðandi afsalar sér allri ábyrgð og ábyrgist ekki notkun í viðskiptatilgangi, ranga notkun eða meðhöndlun, skemmdir vegna rangrar notkunar, rangra aðgerða, viðgerða ófaglærðra eða vegna þess að leiðbeiningum var ekki fylgt eftir.

- Forðist hættu á eldsvoða og lífshættulegu raflosti.
- Komi upp neyðartilfelli skal tækið tafarlaust tekið úr sambandi.
- Setjið tækið eingöngu í samband við viðeigandi, jarðtengdar innstungur sem auðvelt er að komast að. Gangið úr skugga um að spenna raforkugjafans sé sú sama og merkispjaldið sýnir. Óviðeigandi notkun á rafmagni ógildir ábyrgð.
- Tækið skal eingöngu setja í samband þegar uppsetningu þess er lokið.
- Ekki draga rafmagnssnúruna yfir skarpar brúnir, festa hana við neitt eða láta hana hanga lausa.
- Haltu rafmagnssnúrunni frá hita og raka.
- Ef rafmagnssnúran er sködduð þarf framleiðandi, þjónustudeild eða fagmanneskja að skipta henni út til að koma í veg fyrir hættu.
- Ef rafmagnssnúran er sködduð má ekki nota tækið.
- Þurfi að nota framlengingarsnúru verður hún að vera jarðtengd og með þversnið að lágmarki 1,5mm.
- Komdu í veg fyrir hættulegar skemmdir með því að hafa tækið aldrei nálægt heitum flötum á borð við ofna, eldavelarhellur, rafmagnsogna, gasofna, opinn eld eða áþekka hitagjafa.
- Hafðu vélina alltaf á láréttum fleti sem er stöðugur og sléttur. Yfirborðið verður að þola hita og vökva á borð við vatn, kaffi, kalkleysi o.s.frv.
- Taktu vélina úr sambandi þegar hún er ekki í notkun í ákveðin tíma.
- Taktu vélina úr sambandi með því að taka í rafmagnsklóna og ekki rafmagnssnúruna, til að forðast skemmdir.
- Taktu vélina úr sambandi og leyfðu henni að kólna fyrir þrif og viðhald.
- Snertu aldrei rafmagnssnúruna með votum höndum.
- Ekki má dýfa vélinni eða hluta hennar í vatn eða annan vökva.
- Ekki má setja vélina eða hluta hennar í uppþvottavél.
- Rafmagn og vatn eru hættuleg blanda sem valdið getur lífshættulegu raflosti.
- Ekki opna vélina, inni í henni er hættuleg rafspenna.
- Ekki setja neitt í götin sem gæti valdið eldhættu eða raflosti.
- Taktu vélina úr sambandi og leyfðu henni að kólna fyrir þrif. Til að þrifa púðahólfíð, vatnstankinn, dropabakkann, grindina og vatnshitarann skal nota vatn og milda sápu.
- Ekki nota tækið í neinum öðrum tilgangi en til er ætlast.
- Óviðeigandi notkun á vélinni getur valdið meiðslum.
- Yfirborð geta hitnað við notkun. Yfirborð hitaeiningarinnar er heitt í ákveðinn tíma eftir notkun.
- Ekki snerta heita fleti. Notaðu meðfylgjandi hjálpartæki eða hnappa.
- Ekki má hafa kaffivélina inni í skáp á meðan hún er í notkun.

ROMBOUTSpakkar fyrir kaup á EOH expressokaffivél sem framleidd var í Frakklandi og er í 5 ára ábyrgð. Með 15 bara þrýstingi færðu ilmandi gott kaffi og átt dásamlega stund.

Vélin virkar eingöngu með 1.2.3 SPRESSO® náttúrulegum trefjapappírspúðum og gefur þér færi á að smakka bestu árgangana af lífrænu kaffi með góðum viðskiptaháttum.

Kynnstu mismunandi kaffiræktunarsvæðum í Afríku, Asíu og Ameríku með úrvali okkar af kaffi í púðum sem er ristað í Frakklandi.

Hægt er að velja um tvennskonar uppáhellingar, með hnöppum N°3 og N°4 sem eru efst á vélinni. Vélin uppfyllir væntingar allra, allt frá unnendum sterka kaffisins til stóra bollans.

Vélin fer sjálfkrafa í biðstöðu þegar átta mínútur hafa liðið frá síðustu notkun til að standast umhverfisvænar kröfur.

Kaffi getur ekki streymt stanslaust frá vélinni í meira en 60 sekúndur. Eftir það stöðvast vélin sjálfkrafa.

Með EOH færðu alvöru expressobragð. Rombouts óskar þér ánægjulegrar upplifunar!

TILMÆLI

- Til að fá sem mest út úr expressovélinni gakkstu úr skugga um að fylgja þessum leiðbeiningum og gæta að gæðum vatnsins.
- Fylltu geyminn (N°6) með fersku vatni í hvert skipti sem vélin er notuð (daglega).
- Ekki er mælt með að nota vatn úr flöskum, án þess að nota síuna (N°12) því það inniheldur oft mikið magn steinefna (hætta á kalkmyndun í vélinni)
- Skiptu um síu í geymi (N°12) reglulega þegar sjálfvirk viðvörðun (blátt ljós N°2 blikkar hægt) fer í gang.
- Þegar vélin hefur ekki verið notuð í meira en 48 klukkustundir er mælt með að vatnsleiðslur vélarinnar séu hreinsaðar.
- Tæmdu púðahólf (N°7) reglulega. Fullt púðahólf getur haft áhrif á kaffimagn úr vélinni og valdið skemmdum þegar handfangi (N°1) er lokað.
- Ekki beita afli við handfang N°1 því það getur valdið skemmdum á púðum.

LÝSING Á VÉL

- 1- Handfang
- 2 - Gaumljós
- 3 - Hnappur - Minna kaffimagn
- 4 - Hnappur - Meira kaffimagn
- 5 - Lok á geymi
- 6 - Geymur
- 7 - Ílát fyrir notaða púða
- 8 - Bollastoð
- 9 - Bakki
- 10 - Dropagrind

- 11 - Kaffistútur
- 12 - Sía fyrir geymi
- 13 - Rafmagnsnúra
- 14 - Byrjunarpúði fylgir vélinni í púðagrind (7). Geymdu fyrir síðari notkun.

FYRSTA NOTKUN

- Taktu véлина úr pakkningunum og komdu henni fyrir á stöðugu yfirborði, nálægt rafmagnsinnstungu.
- Fjarlægðu hlífðarfilmu af handfangi (lestu vandlega varúðarráðstafanirnar).
- Fjarlægðu ílát fyrir púða (7) úr vélinni og fjarlægðu síu (12) og byrjunarpúða (14). GEYMDU BYRJUNARPÚÐANN, HANN MUN KOMA SÉR VEL SJÐAR
- Settu ílát fyrir púðann (7), bakkann (9) og dropagrindina (10) aftur á sinn stað.
- Hreinsaðu vatnsgeyminn (6) og lokið (5) með kranavatni.
- Hreinsaði síuna (12) með kranavatni.
- Settu síuna (12) í vatnsgeyminn (6) þar sem hún þjónar tilgangi sínum (gakkstu úr skugga um að hún sé vel sett í - sjá kaflann Skipt um síu á bls. 11.

Fylgdu svo þessum leiðbeiningum:

- 1 - Fylltu geyminn með fersku vatni (6).
- 2 - Settu rafmagnssnúruna í samband (13).
- 3 - Gaumljósið (2) sýnir 3 líti (blátt hvítt rautt) í röð og slökkvar svo. Vélin er nú í biðstöðu.
- 4 - Ýttu á kaffihnapp (3) eða (4) til að byrja að hita véлина (kaffihnapparnir gefa frá sér blikkandi ljós).
- 5 - Þegar hitastig vélarinnar er rétt gefa kaffihnapparnir (3) og (4) frá sér viðvarandi ljós.
- 6 - Notaðu byrjunarpúðann (14) sem fylgdi með vélinni og var í ílátinu fyrir púðann (7)
- 7 - Taktu í handfang vélarinnar (1) eins langt og mögulegt er, og lyftu því upp frá púðainnskotinu.
- 8- Settu byrjunarpúðann (14) í tækið, án tillit til hvernig hann snýr, og athugaðu hvort hann sé öruggur.
- 9 - Ýttu handfanginu (1) í átt að stýrihnöppunum þangað til það er vel fast. Útvegaðu að minnsta kosti 0.5 L ílát fyrir eftirfarandi aðgerðir, og komdu því fyrir undir kaffistút tækisins til að taka við hreinsivökvanum.
- 10 Ýttu á hnapp fyrir meira kaffimagn (4). Gaumljós fyrir valin hnapp blikkar hægt en sá sem ekki var valinn deyr út. Fyrsta hreinsun hefst. Hreinsun stöðvast sjálfkrafa við lok. Endurtaktu tvisvar til að ljúka hreinsun.
- 11 - Þegar hreinsun vélar er lokið tekurðu í handfangið (1) með því að draga það til þín; þá dettur byrjunarpúðinn (14) í ílát fyrir notaða púða (7). Taktu byrjunarskammt (14) út og geymdu til síðari nota, tæmdu ílát fyrir púða (7), og helltu hreinsivökvanum úr. Settu ílát fyrir púða (7) aftur á sinn stað.

Þegar þessu skrefi hefur verið lokið er vélin tilbúin til notkunar.

ATHUGIÐ: Þegar vélin hefur ekki verið notuð í meira en 48 klukkustundir er mælt með að endurtaka skref 1 til 11.

AÐ HELLA UPP Á KAFFI

Vélin virkar eingöngu með ROMBOUTS púðum merktum 1.2.3 SPRESSO®.

- 1 - Fylltu geyminn með fersku vatni (6).
- 2 - Settu rafmagnssnúruna í samband (13).
- 3 - Miðljósið (2) sýnir 3 litri (blátt hvítt rautt) í röð, og slökkvar svo. Vélin er nú í biðstöðu.
- 4 - Ýttu á kaffihnapp (3) eða (4) til að byrja að hita vélina (kaffihnapparnir gefa frá sér blikkandi ljós).
- 5 - Þegar hitastig vélarinnar er rétt gefa kaffihnappar (3) og (4) frá sér viðvarandi ljós.
- 6 - Opnaðu kaffipúðaumbúðirnar, fjarlægðu lokið og taktu púðann út.
- 7 - Taktu í handfang vélarinnar (1) eins langt og mögulegt er, og lyftu því upp frá púðainnskoti.
- 8- Settu byrjunarpúðann í tækið og athugaðu hvort honum sé vel komið fyrir (hann má ekki fara alltof langt inn)




- 9 - Ýttu handfanginu (1) í átt að stýrihnöppunum þangað til það er alveg lokað.

MIKILVÆGT: Það þarf að vera vel lokað svo hægt sé að gera gott kaffi. Þessi umhverfisvæna vél er ekki með orkusparandi aðstoð við lokun. Notandi þarf að beita léttum þrýstingi með lófnum á rúnaða hluta handfangsins til að tryggja að það sé vel lokað.



Það er mikilvægt að ná rétttri stöðu, mótstaða við lokun eykst rétt áður en hún hverfur þegar handfanginu er vel lokað.

Gættu þess engu að síður að beita ekki of miklu afli við handfangið. **Ef beita þarf afli getur ástæðan verið að enn sé notaður púði í vélinni, eða að flát fyrir púða sé fullt (sem þarf þá að tæma reglulega til að koma í veg fyrir að nýir púðar eyðileggist).**



- 10 Ýttu á valdan hnapp: Minna kaffimagn (3) eða meira kaffimagn (4). Gaumljós fyrir valin hnapp verður viðvarandi en það slökknar á hinu ljósinu. Kaffið hellist upp á. Uppáhellingin hættir sjálfkrafa við lok eða handvirkt ef þrýst er á valinn hnapp.
- 11 - Þegar uppáhellingu er lokið tekurðu í handfangið (1) með því að lyfta því til þín og þá dettur púðinn í ílát fyrir notaða púða (7). Vélin er þá tilbúin til að hella upp á annan kaffibolla.

FORRITUN

Kaffimagnið (minna magn eða meira magn) er með sjálfgefna stillingu (4cl fyrir minna kaffimagn og 12 cl fyrir meira kaffimagn). Þú getur breytt þessu magni sem hér segir:

- 1 - Ræstu vélna (sjá útskýringar í fyrri málsgrein) Kveikt þarf að vera á hvítu ljósunum á kaffihnöppunum (3) og (4) (þá er vélin með rétt hitastig og tilbúin til uppáhellingar). Gakktu úr skugga um að nægt vatn sé í geyminum (6) fyrir stillinguna.
- 2 - Þrýstu á hnappinn sem þú vilt breyta í að minnsta kosti 5 sekúndur. Þá blikkar hvíta ljósið hratt og kviknar á miðljósinu (2) og það verður hvítt. Vélin er nú í forritunarham.
- 3 - Lyftu handfanginu (1) og settu púða í vélna.
- 4 - Lokaðu handfanginu (1) og þrýstu á hnappinn sem á að forrita (þann sem áður var valinn, sem er að blikka); þá slökknar á miðljósinu og uppáhelling byrjar.
- 5 - Þegar kaffivélin hefur hellt upp á umbeðið magn af kaffi er þrýst á sama hnapp á ný til að stöðva ferlið og vista valið magn.
- 6 - Hvíta ljósið er enn í gangi (eins og á öðrum kaffihnappinum); forritun hnappsins er vistuð. Vélin er nú tilbúin til þess að hella upp á kaffi.

Athugaðu að hægt er að stilla aftur kaffimagnið eins og gert var í verksmiðjunni, með því að gera eftirfarandi:

- 1 - Ræstu vélna (sjá útskýringar í fyrri málsgrein) Kveikt þarf að vera á hvítu ljósunum á kaffihnöppunum (3) og (4) (þá er tækið með réttan hita og tilbúið til uppáhellingar).
- 2 - Þrýstu á hnappinn sem þú vilt breyta í að minnsta kosti 5 sekúndur. Þá blikkar hvíta ljósið hratt og kviknar á miðljósinu (2) og það verður hvítt. Vélin er nú í forritunarham.
- 3 - Þrýstu létt á hinn kaffihnappinn: hnappurinn hættir að blikka, verksmiðjustillingin er aftur komin á, það kviknar á ljósunum á kaffihnöppum (3) og (4), og vélin er tilbúin til notkunar.

LJÓSVIÐVARANIR

- Það kviknar og slökknar á gaumljósunum í „bláu“, „hvítu“, „rauðu“.
Þegar vélin er í sambandi þýðir þetta að hún er að ræsa sig.
- Gaumljós fyrir bolla (3) og (4) blikka samtímis (hægt)
Vélin er að hitna
- Gaumljós fyrir bolla (3) and (4) haldast á Vélin er nú tilbúin til notkunar
- Gaumljós bolla (3) eða (4) helst á
Verið er að hella upp á valin bolla
- Gaumljós bolla (3) eða (4) blikkar hratt og miðljósið helst stöðugt
Forritunarhamur kaffimagns hefur verið virkjaður
- Gaumljós bolla (3) eða (4) blikkar hratt, slökkt er á öðrum ljósum
Verið er að forrita blikkandi hnapp
- Miðljósið (2) blikkar hægt, í **appelsínugulu**
Afkalka þarf vélina. Sjá kaflann fyrir þetta. Að afkalka kaffivélina í þessum notendaleiðbeiningum. Þegar afkölkun er lokið mun slökkna á miðljósinu.
- Miðljósið (2) blikkar hægt í **bláum** lit
Skipta þarf um síu NØ12 í vatnsgeyminum. Sjá kaflann fyrir þetta. Að skipta um síu vélarinnar í þessum notendaleiðbeiningum. Sían er fánlega í vefverslun Zinzino (www.zinzino.com).
Þrýstu létt og samtímis á hnappa fyrir kaffimagn þegar skipt hefur verið um síu: þá slökknar á miðljósinu.
- Miðljósið (2) blikkar hratt **rauðu**
Upp hefur komið tæknilegt vandamál. Taktu vélina úr sambandi, bíddu í þrjár mínútur og settu hana svo aftur í samband. Ef vandamálið er viðvarandi **hafðu samband við Zinzino**
Söluþjónusta er í eftirfarandi símanúmeri svo hægt sé að laga vélina og eða skipta henni út: +46 31 771 71 51 - customer.eu@zinzino.com
- Miðljósið (2) blikkar hratt í **bláu**
Tækið hefur verið geymt við lágt hitastig (undir 5°). Til að vélin virki sem skyldi þarf að geyma það við hærra hitastig svo ekki kvikni á öryggisbúnaðinum „lágt hitastig“.

AFKÖLKUN VÉLAR

Til að viðhalda gæðum við uppáhellingu í **EOH** vélinni þinni þarf að afkalka hana reglulega. Vélin mun sjálfkrafa gefa frá sér merki þegar nauðsynlegt er að afkalka og miðljósið mun blikka hægt í **appelsínugulum**lit.

Afkölkun þarf að framkvæma hratt því annars mun virkni og langlífi vélarinnar skerðast.

MIKILVÆGT: Of mikið magn kalks í síu geymis og/eða ef afkölkun hefur ekki verið lokið getur leitt til ógildingar á ábyrgð.

Edikssýra getur valdið óafturkræfum skemmdum á vélinni. Notkun edikssýru eða annarra efna sem Rombouts hefur ekki viðurkennt getur leitt til ógildingar á ábyrgð.

Afkölkun þarf að framkvæma með afkölkunarbúnaði sem fæst í vefverslun Zinzino: www.zinzino.com

Þú verður að fara eftir leiðbeiningum með búnaðinum til að afkalka á viðunandi hátt.

Þ R I F

Taktu vélina úr sambandi og láttu hana kólna allveg fyrir þrif.

Þrifðu meginhluta **EOH** vélarinnar oft með rökum svampi. Þrifðu vatnsgeymi (6), ílát fyrir púða (7), bakka (9) og dropagrind (10) reglulega og láttu þorna áður en þú setur aftur á sinn stað.

Áminning: Ekki dýfa vélinni í vatn til að þrifa hana. Ekki setja vélina í uppþvottavél.

SKIPT UM SÍU

Tæmdu vatnsgeyminn (6).

Fjarlægðu notaða síu (12) með því að toga hana lóðrétt úr geyminum.

Hentu notuðu síunni (12) í tunnu fyrir óendurvinnanlegt rusl.

Fjarlægðu pokann utan af nýju síunni (12).

Dýfðu nýju síunni (12) í kalt vatn og hristu hana til að fjarlægja loftbólur. Ekki nota skolvatnið til að hella upp á kaffi.

Settu síuna (12) í vélarhlífina á botni vatnsgeymisins (6), þrýstu lóðrétt á efri hlutann til að tengja síuna vel.

Sían (12) þarf að vera föst á sinum stað.

Fylltu geyminn með fersku vatni (6).

Settu stóran bolla á bakkann (10) og hreinsaðu vélina: þrýstu á hnapp fyrir meira kaffimagn (4) eftir að hafa komið plasthreinsunarpúðanum (sem fylgdi með tækinu) fyrir í vélinni.

Helltu skolvatninu: vélin þín er tilbúin.

Til að endurstilla viðvörðun fyrir síuskipti (miðljósið (2) blikkar hægt í bláu), þrýstu létt (minna en fimm sekúndur) og samtímis á kaffihnappana tvo (3 og 4): þá slökknar á gæm ljósinu.

Mikilvægar upplýsingar:

- Geymdu nýjar síur í upprunalegum, lokuðum þakningum á svölum, þurrum og dimmum stað.
- Síaðu einungis kalt vatn
- Þrífðu geyminn reglulega (6).
- Skiptu um síu (12) með 250 bolla millibili (þegar miðljósið (2) verður blátt).
- Ekki nota notaða síu (12) oftari en 250 bolla; hentu henni strax.

Hvar get ég fundið síu N°12?

Sían er fáanlega í vefverslun Zinzino (www.zinzino.com).

FLJÓT ÚRRÆÐALEIT

PÚÐINN PASSAR EKKI Í INNSKOTIÐ

- Athugaðu hvort handfangið (1) sé alveg opið áður en þú setur púðann í.
- Tæmdu ílátið fyrir púðann (7).
- Athugaðu hvort áður notaður púði sé fastur eða hvort hann hafi ekki dottið úr. Ef púði er enn sýnilegur í innskoti eftir að hafa tæmt ílát fyrir púða (7) taktu hann út með því að ýta við honum.

ÉG GET EKKI HELLT UPP Á KAFFI

- Engin gaumljós eru kveikt. Vélin er í biðstöðu. Þrýstu á kaffihnapp (3) eða (4) til að ræsa vélina.
- Ef hvítt ljós á hnöppunum blikkar hægt. Vélin er að hitna. Bíddu þangað til vélin hefur náð réttu hitastigi (hvíta ljósið á báðum hnöppum helst stöðugt). Vélin er nú tilbúin til nokunar.
- Ef gaumljósín byrja ekki að blikka. Gakktu úr skugga um að vélin sé í sambandi. Ef vandamálið leysist ekki hafðu samband við sölubjónustu Zinzino í símanúmerið í kaflanum „Bilanir og viðgerðir“ svo hægt sé að laga vélina og/eða skipta henni út:
- Ef miðljósið (2) blikkar hratt rauðu: taktu vélina úr sambandi, bíddu í þrjár mínútur og settu hana svo aftur í samband. Ef vandamálið leysist ekki hafðu samband við sölubjónustu Zinzino í símanúmerið í kaflanum „Bilanir og viðgerðir“ svo hægt sé að laga vélina og/eða skipta henni út:
- Ef miðljósið (2) blikkar hratt bláu þýðir það að vélin hefur verið við of lágt hitastig (undir 5°). Til að vélin virki sem skyldi þarf að geyma hana við hærra hitastig svo ekki kvikni á öryggisbúnaðinum „lágt hitastig“.

PÚÐINN FER EKKI ÚT ÞEGAR HANDFANG ER OPNAÐ

- Athugaðu hvort handfangið (1) sé alveg opið.
- Athugaðu hvort ílátið fyrir púðann (7) sé tómt.
- Opnaðu og lokaðu handfanginu (1) nokkrum sinnum svo púðinn detti úr.
- Ýttu við púðanum ef nauðsyn krefur.



EKKERT KAFFI RENNUR NIÐUR

- Vélin gefur frá sér eðlilegt hljóð. Athugaðu hvort handfangið sé að fullu lokað (1). Athugaðu hvort vatn eða kaffi renni í ílát fyrir púða (7).

- **Vélin gefur frá sér óvenjulegt hljóð.** Athugaðuhvort vatnsgeymurinn (6) sé með nægt vatn. Ef hann (6) er tómur, fylltu á hann og helltu upp á annan kaffi (helst mikið magn). Ef vatn er á geyminum (6), kann að vera að vélin þurfi afkölkun. Ef afkölkun vélar leysir ekki vandamálið hefur tæknivandamál komið upp. Vinsamlegast hafðu samband við sölubjónustu Zinzino í símanúmerið í kaflanum „Bilanirog viðgerðir“ svo hægt sé að laga vélina og/eða skipta henni út.



KAFFI RENNUR HÆGT NIÐUR

- **Vélin gefur frá sér eðlilegt hljóð.** Athugaðu hvort handfangið sé að fullu lokað (1). Athugaðu hvort vatn eða kaffi renni í ílát fyrir púða (7).
- **Vélin gefur frá sér óvenjulegt Fjarlægðugeyminn (6) og** athugaðu hvort vatnið renni þegar þú ýtir á ventilinn. Settu geyminn (6) aftur á sinn stað og gakktu úr skugga um að það sé vel gert.



LEKI UNDIR TÆKI

- **Athugaðu hvort geyminum (6) sé vel komið fyrir.** Efri krókur sé kræktur í vélarhlíf. Endi sé í opi tækisins. Vel settur í.
- **Athugaðu hvort bakkinn (9) sé fullur.** Fjarlægðu ílát fyrir púða (7). Fjarlægðu bakkann (9) og tæmdu hann ef nauðsyn krefur.



BILUN OG VIÐGERÐIR

Ef þér tókst ekki að leysa vandamálið með úrræðaleitinni aðstoðum við þig með gleði í símamiðstöðinni okkar. Hægt er að hafa samband í **+46 31 771 71 51 - customer.eu@zinzino.com**

VARAHLUTIR

UPPSETNING OG NOTKUN VARAHLUTA

Varahlutir, síur N°12 og sérstakur afkölkunarbúnaður fyrir EOH vélina þína fást hjá www.zinzino.com.

- 1 - Varahlutir, fylgihlutir og neysluvörur sem keyptar eru í vefverslun þarf að setja upp og nota í samræmi við notendaleiðbeiningar sem fylgja vélinni. Leiðbeiningarnar sem fylgja vélinni er einnig að finna á vefsíðu okkar.
- 2 - Varahluti og fylgihluti er eingöngu ætlað að setja upp og nota með Rombouts 1.2.3 SPRESSO® vélum.
- 3 - Viðeigandi og rétt uppsetning og notkun varahluta sem keyptir eru í vefverslun eru alfarið á ábyrgð neytenda. Til þess að fá persónulegar og viðeigandi ráðleggingar er viðskiptavinum bent á að leita í leiðbeiningum á pakkningum varahlutanna sem pantaðar voru, og/eða í notendaleiðbeiningum tækisins.
- 4 - CMC Rombouts undanskilur sér ábyrgð ef upp kemur krafa um óviðeigandi notkun og/eða uppsetningu á varahlutum, notkun og/eða uppsetningu á varahlutum í tengslum við önnur tæki sem samrýmast ekki vörunni, eða óviðeigandi uppsetningu á varahlut. Minnt er á að notkun og/eða uppsetning sem ekki er mælt með er líkleg til að valda líkamlegum meiðslum.

TÆKNILEGIR EIGINLEIKAR

Sjálfvirk biðstaða	Þyngd: 3 kg
Afl: 1250 W	Dæla: 15 bör
Rafspenna: 220-240 V	Geymur: 0.8 lítra

Umfang pappakassa (L x B x H): 395 x 167 x 325 mm

„EOH“ vél er í ábyrgð í fimm ár eftir kaupdaga í Evrópusambandinu.

Ábyrgðin nær ekki til skemmda vegna kalkmyndunar.

**Þessi vél samræmist CE stöðlum.
Endurvinnsla með virðingu fyrir umhverfinu**



Rafmagns- og rafeindabúnaður er sendur í sérstakar flokkunarstöðvar.

Fleygið ekki rafmagns- og rafeindabúnaði með óflokkuðu rusli, heldur flokkið sérstaklega.